

## Athugasemd frá Guðna Hreinssyni

**Til** : Berglind Guðmundsdóttir  
**Frá** : gudni@iam.is  
**Heiti** : Athugasemd frá Guðna Hreinssyni  
**Málsnúmer** : 1211376  
**Málsaðili** : Hafnarfjarðarkaupstaður  
**Skráð dags** : 24.04.2018 18:29:40  
**Höfundur** : gudni@iam.is

Hafnarfjörður, 24.april 2018

Við undirrituð, íbúar í Hlíðarási 13, 221 Hafnarfirði viljum koma á framfæri mótmælum okkar vegna fyrirhugaðrar lagningar Ásvallabrautar í nýju deiliskipulagi Hafnarfjarðar. Um leið og við fögnum vitanlega framgangi og bættum samgöngum, ekki er vanþörf á miðað við langvarandi ófremdarástand Kaldárselsvegar, lýsum við áhyggjum og vonbrigðum með fyrirhugað vegastæði Ásvallarbrautar með tilliti til íbúðarbyggðar í Áslandi 3. Það er skoðun okkar að vegstæðið muni liggja alltof þétt að íbúðarbyggð í Áslandi 3 og rýra bæði fasteignaverð eignar okkar en ekki síður rýra mjög lífsgæði okkar íbúanna hvað varðar hljóðgæði, svifryk og síðast en ekki síst gjörbreyta nærumhverfi okkar og möguleikum til útivistar.

Það er ekki laust við að það læðist að okkur íbúum sá grunur að við mat á lagningu vegarins hafi verið horft mun meira til fjárhagslegra þátta er snúa að bæjarfélaginu á kostnað okkar íbúanna. Í því ljósi óskum við eftir svörum við eftirfarandi spurningum um leið og við komum formlegum mótmælum okkar á framfæri.

- Var staðsetning hesthúsabyggðar þáttur í ákvarðanatöku um fyrirliggjandi vegstæði að því leyti að ákveðið var að leggja hann ekki neðan hesthúsabyggðar heldur milli hesthúsa- og íbúðarbyggðar?
- Var tekið tillit til rýrnunar fasteignaverðs í Áslandi 3 í þeirri ábatagreiningu sem vitnað hefur verið í í umræðunni um lagningu Ásvallabrautar eða var einungis horft til ætlaðs ábata fyrir bæjarfélagið?
- Mun Hafnarfjarðarkaupstaður skuldbinda sig til að bæta fasteignaeigendum í Áslandi 3 þá virðisrýrnun sem lagning fyrirhugaðs vegstæðis mun hafa fyrir eigendur þessara fasteigna?

Við skorum eindregið á Hafnarfjarðarbæ að endurskoða ákvörðun sína um lagningu Ásvallarbrautar og vinna þess í stað þétt og vel með íbúum Áslands 3 að farsælli lausn fyrir alla íbúa Hafnarfjarðar.

Með vinsemd og virðingu,  
Guðni Hreinsson  
Þórey Þöll Vilhjálmsdóttir  
Eva Margrét Guðnadóttir  
Alma Guðrún Guðnadóttir  
Hlíðarási 13,  
221 Hafnarfirði